

# Stofnanasamningur Háskóla Íslands og Félags háskólakennara í tengslum við kjarasamning félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dags. 28. febrúar 2005

## 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til félagsmanna í Félagi háskólakennara sem starfa við Háskóla Íslands og njóta ráðningarkjara skv. kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi. Stofnanasamningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 28. febrúar 2005. Hann gildir frá 1. febrúar 2005 og fram að 1. maí 2006 er nýr stofnanasamningur tekur við. Nýr stofnanasamningur skal vera á milli stofnunar og þeirra stéttarféлага innan BHM sem aðild eiga að sameiginlegum kjarasamningi við fjármálaráðherra og hafa félagsmenn sem starfa á viðkomandi stofnun.

## 2. Grunnröðun

### *Almennar forsendur röðunar*

Störfum skal ráðað í launaramma í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfs- og hæfnismat ræður röðun starfa við stjórnslýsingu og þjónustu í launaflokka, lágmarksröðun þeirra í launaflokka er samkvæmt grein 4.1. Störf kennara og sérfræðinga með rannsóknaskyldu eru metin til stiga samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, lágmarksröðun þeirra í launaflokka er samkvæmt grein 3.4.1. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum félagsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

### **i) Röðun starfsmanna í stjórnslýsingu, þjónustu og við þjónusturannsóknir í launaramma**

Framhaldsnemi, aðstoðarmaður raðast í launaramma A

Verkefnisstjóri, deildarstjóri, skrifstofustjóri raðast í launaramma B eða C samkvæmt starfsmati.

Forstöðumaður, framkvæmdastjóri raðast í launaramma C samkvæmt starfsmati

**Fjallað er um röðun þessara starfa í launaflokka í 4. grein stofnanasamningsins.**

### **ii) Röðun kennara og sérfræðinga í launaramma**

B - Aðjunkt, lektor, sérfræðingur.

C - Dósent, fræðimaður, vísindamaður.

**Fjallað er um röðun þessara starfa í launaflokka í 3. grein stofnanasamningsins.**

### **3. Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu**

Um er að ræða störf aðjunktta, lektora/sérfræðinga, dósentta/fræðimanna og vísindamanna. Með rannsóknum er hér átt við að starfsmaður beiti kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

#### **3.1 Flutningur milli ramma (starfsheita)**

##### **3.1.1 Framgangur lektors/sérfræðings í starf dósentts/fræðimanns:**

Lektor/sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf dósentts/fræðimanns ef hann fullnægir skilyrðum samkvæmt samningi þessum og dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda.

##### **3.1.2 Framgangur dósentts/fræðimanns í starf prófessors/vísindamanns:**

Dósent/fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf prófessors/vísindamanns ef hann fullnægir skilyrðum samkvæmt samningi þessum og dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda.

#### **3.2 Forgangsröðun starfsþátta**

Mat skal byggjast á fjórum meginþáttum. Þeir eru í þessari röð að jafnaði:

- Rannsóknir
- Kennsla og/eða sérfræðistörf
- Stjórnun
- Önnur störf

#### **3.3 Stigagjöf fyrir starfsþætti**

Deild/stofnun og dómnefndum er heimilt að nota stigagjöf við mat á starfsþáttum.

Deild/stofnun er heimilt að breyta vægi milli einstakra starfsþátta og getur góður árangur í einum þætti komið í stað annarra þátta. Röðun í launaflokka innan ramma ákvarðast af heildarstigafjölda.

#### **3.4 Viðmiðunarkröfur um stigafjölda**

Viðmiðunarkröfur um stigafjölda er forsenda flutnings milli launaflokka innan ramma.

Við flutning á milli ramma eru gerðar sérstakar kröfur um rannsóknastig samkvæmt framgangsreglum sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs. Við flutning milli ramma skal starfsmaður aldrei raðast neðar í launatöflu 1.1.1 í kjarasamningi en hann var fyrir flutninginn. Laun starfsmanns skulu aldrei vera lakari í efri ramma en hann hefði í neðri ramma.

##### **3.4.1 Aðjunktur, lektorar, sérfræðingar, dósentar, fræðimenn og vísindamenn**

Aðjunktur, lektorar, sérfræðingar, dósentar, fræðimenn og vísindamenn raðast í launaflokka samkvæmt neðangreindri töflu og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, sbr. grein 3.5. Lágmarksröðun

aðjunktta, lektora og sérfræðinga er í B09, lágmarksröðun dósenta og fræðimanna er í C05 og lágmarksröðun vísindamanna er í C10. Um launaröðun vísindamanna er fjallað nánar í gr. 3.4.2. Um ráðningar og kjör aðjunktta, rannsóknvirkni og rannsóknálag o.fl. fer eftir reglum í **viðauka I** með stofnanasamningi.

Aðjunktta, lektora og sérfræðingar		Dósentta, fræðimenn og vísindamenn	
Lfl.	Heildarstig	Lfl.	Heildarstig
B09	< 100	C05	< 130
B10	100-129	C06	130-159
B11	130-159	C07	160-199
B12	160-189	C08	200-249
B13	190-219	C09	250-299
B14	220-249	C10	300-349
B15	250-279	C11	350-399
B16	280-309	C12	400-599
B17	310-349	C13	600-899
B18	350-399	C14	
B19	400-499	C15	
		C16	900-1199
		C17	
		C17 x 1,06	1200-1599
		C17 x 1,09	1600-1999
		C17 x 1,13	2000>

### 3.4.2 Vísindamenn

Vísindamenn skulu vera á sambærilegum launum og próffessorar að teknu tilliti til stigafjölda og mismunandi starfsskyldna. Frá 1. febrúar 2005 raðast þeir í launaflokka samkvæmt eftirfarandi töflum og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, sbr. grein 3.5. Laun vísindamanna í flokkum V, VI og VII eru reiknuð út frá launaflokki C17 eins og fram kemur í töflum 1 og 2 hér að neðan. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsóknastig.

<b>Tafla 1.</b>							
Gildir fyrir vísindamenn sem hafa 60% eða hærra hlutfall rannsóknaskyldu							
Vísindamaður:	I	II	III	IV	V	VI	VII
Röðun í launaflokka:	C10	C12	C13	C16	C17 x 1,06	C17 x 1,09	C17 x 1,13
Rannsóknastig:		320	480	720	960	1280	1600
Heildarstig:		400	600	900	1200	1600	2000

  

<b>Tafla 2.</b>							
Gildir fyrir vísindamenn sem hafa 40% rannsóknaskyldu							
Vísindamaður:	I	II	III	IV	V	VI	VII
Röðun í launaflokka:	C10	C12	C13	C16	C17 x 1,06	C17 x 1,09	C17 x 1,13
Rannsóknastig:		270	400	550	750	1000	1500
Heildarstig:		400	600	900	1200	1600	2000

### 3.4.3 Rannsóknavirkni

Í samræmi við ákvæði gr. 1.1.1.2 í kjarasamningi um álag á laun lektora/sérfræðinga, dósent/fræðimanna og vísindamanna vegna rannsóknavirkni (5%, 10%, 15% og 20%) eru gerðar eftirfarandi stigakröfur:

Rannsóknavirkni:	5%	10%	15%	20%
Rannsóknahlutfall 40%, þriggja ára meðaltal	7 stig	15 stig	25 stig	40 stig
Rannsóknahlutfall 60% eða hærra, þriggja ára meðaltal	9 stig	18 stig	30 stig	50 stig

Meðaltal rannsóknastiga nýráðinna reiknast annað hvort frá upphafi ráðningar við Háskóla Íslands eða með hliðsjón af rannsóknavirkni síðustu ára fyrir ráðningu.

### 3.4.4 Yfirvinnuþak á kennslu

Kennsluyfirvinna kennara og sérfræðinga			
Lfl.	Tímar að hámarki	Lfl.	Tímar að hámarki
B09	60	C05 og C06	60
B10	59	C07	58
B11	58	C08	56
B12	57	C09	54
B13	56	C10	52
B14	55	C11	50
B15	54	C12	48
B16	53	C13	46
B17	52	C14	44
B18	51	C15	42
B19	50	C16	40
		C17	38
		C17 x 1,06	34
		C17 x 1,09	32
		C17 x 1,13	30

Viðmiðun kennslulauna kennara og sérfræðinga á einingu eru samkvæmt launaflokki viðkomandi með álagi - en þó ekki hærra en samkvæmt yfirvinnutaxta í C06, þriðja þrepi. Starfsmanni er heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera. Heildaryfirvinna skal ekki vera meiri en sem svarar til 1,5 sinnum yfirvinnuþaki fyrir kennslu í launaflokki viðkomandi.

### 3.5 Samræmdar matsreglur Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, sjá gildandi reglur sem birtar eru bæði á vef Háskóla Íslands og Félags háskólakennara.

Matsreglurnar eru aðlagðar að úrskurði kjaranefndar fyrir prófessora eins og hann er á hverjum tíma.

## 4. Forsendur röðunar starfa og starfsmanna við stjórnarsýslu, þjónustu og þjónusturannsóknir

### 4.1 Grunnröðun starfa.

4.1.1 Þegar starfi er raðað innan launaramma skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni og skulu öll störf í launarömmum B og C raðast samkvæmt starfsmati.

#### Launarammi A

- Framhaldsnemi, aðstoðarmaður sem ráðinn er á grundvelli rannsóknastyrkja. Lágmarksröðun er A08.

#### Launarammi B

- Verkefnisstjóri, deildarstjóri, skrifstofustjóri sem raðast samkvæmt starfsmati í launaramma B. Lágmarksröðun er B05.

#### Launarammi C

- Verkefnisstjóri, deildarstjóri, skrifstofustjóri, forstöðumaður sem raðast í launaramma C samkvæmt starfsmati. Lágmarksröðun er C05. Framkvæmdastjóri raðast samkvæmt starfsmati. Lágmarksröðun er C14.

Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru í hæfnismati og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni.

Í sérstökum tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt með samkomulagi í samstarfsnefnd (samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál og Félags háskólakennara eða sambærilegrar nefndar skv. 11. kafla í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra) að raða honum í ramma B eða C.

### 4.1.2 Skilgreining starfsheita

#### **Framhaldsnemi, aðstoðarmaður sem ráðinn er á grundvelli rannsóknastyrkja:**

Umsjón með ákveðnum verkefnum eða verkþáttum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Starfar undir stjórn annarra.

**Verkefnisstjóri:** Starfar að verkefnum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

**Deildarstjóri:** Stýrir deild eða skipulagseiningu.

**Skrifstofustjóri:** Stýrir daglegum rekstri skrifstofu og vinnur í samráði við yfirmann.

Hefur umsjón með þáttum er varða rekstrarlega ábyrgð, vinnur að og skipuleggur verkefnaáætlanir í samráði við viðkomandi yfirmann. Tekur þátt í faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann.

**Forstöðumaður:** Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á háskólastofnun og stýrir stefnumótun hennar.

**Framkvæmdastjóri:** Ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á stjórnarsýslusviði og á stefnumótun þess sbr. reglugerð um Háskóla Íslands.

#### 4.2 Röðun starfa í launaflokka samkvæmt starfs- og hæfnismati

Störfum sem falla undir starfs- og hæfnismat skal raða í launaflokka samkvæmt eftirfarandi töflu og eru stig metin samkvæmt reglum þar um, sbr. greinar 4.2.1 og 4.2.2.

Launarammi B		Launarammi C	
Heildarstig	Lfl.	Heildarstig	Lfl.
< 225	B05	< 300	C05
225	B06	300	C06
250	B07	325	C07
275	B08	350	C08
300	B09	400	C09
325	B10	450	C10
350	B11	500	C11
375	B12	550	C12
400	B13	600	C13
425	B14	700	C14
450	B15	800	C15
475	B16	900	C16
500	B17	1000	C17
525	B18		
550	B19		

##### 4.2.1 Starfsmat

Röðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Sjá gildandi reglur sem birtar eru bæði á vef Háskóla Íslands og Félags háskólakennara. Röðun skal þó aldrei vera lægri en það lágmark sem tiltekið er í gr. 4.1.1.

##### 4.2.2 Hæfnismat

Röðun umfram röðun samkvæmt starfsmati er vegna þekkingar og reynslu starfsmanns sem er umfram það sem krafist er í starfinu. Þessir þættir eru metnir í hæfnismati. Sjá gildandi reglur sem birtar eru bæði á vef Háskóla Íslands og Félags háskólakennara.

## 5. Ýmis ákvæði

### 5.1 Réttur kennara og sérfræðinga til endurmats röðunar í launaflokka og framgangur þeirra

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga starfsmanna með rannsóknaskyldu skal færa starfsmenn milli launaflokka innan ramma. Vegna þess skal deild/stofnun árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. rannsóknaskýrslu. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma. Við matið skal stuðst við kennslu, stjórnun og rannsóknir á liðnu almanakasári. Þegar sótt er um flutning milli ramma er gildistími hækkunar næstu mánaðamót eftir að deildarforseti hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum.

### **5.2 Réttur starfsmanna í stjórnunar- og þjónustustörfum til endurmats röðunar í launaflokka**

Færa skal þá félagsmenn sem falla undir starfs- og hæfnismat á milli launaflokka á grundvelli árs mats. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun frá sama tíma.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar um kjaramál eða sambærilegrar nefndar skv. 11. kafla kjarasamnings Félags háskólakennara og fjármálaráðherra).

### **5.3 Sérstakt tímabundið álag**

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Gera skal viðbótarsamning við starfsmann sem tekur tímabundin verkefni að sér t.d. ákveðna verkefnastjórnun, formennsku í nefndum, tímabundið aukið stjórnunarálag umfram stjórnunarskyldu. Samningurinn getur falið í sér afslátt tiltekinnar vinnuskyldu svo sem kennslu eða 1-7 launaflokka hækkun innan ramma eða sambland þessara leiða til þess að viðurkenna álagið. Hægt er að segja upp tímabundnum verkefnasamningi með þriggja mánaða fyrirvara.

Ef tímabundið verkefni hefur varað lengur en í 2 ár skal tímabundinn samningur verða ótímabundinn. Um uppsögn á slíkum ráðningarkjörum gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta ákvæði gildir ekki ef um tímabundið stjórnunarverkefni er að ræða sem kosið er til, s.s. skorarformennsku.

### **5.4 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa.**

Sjá gildandi reglur sem birtar eru bæði á vef Háskóla Íslands og Félags háskólakennara.

Reykjavík 29. mars 2005

Fyrir hönd Háskóla Íslands

Fyrir hönd Félags háskólakennara

## Viðauki I

### Reglur um ráðningu og kjör aðjunktá í Félagi háskólakennara

Reglur þessar gilda um aðjunktá í Félagi háskólakennara. Reglurnar eru hluti af stofnanasamningi.

Í samræmi við lög og reglur Háskóla Íslands ber að auglýsa störf aðjunktá í Félagi háskólakennara. Undantekningar frá auglýsingaskyldu eru eingöngu þær sem taldar eru upp í 36. grein reglna um Háskóla Íslands. Deildarforseti ræður aðjunktá sbr. 29 grein reglna um Háskóla Íslands.

1. Reglur þessar ná til þeirra aðjunktá sem hafa kennslu við Háskóla Íslands að aðalstarfi og ráðnir eru til a.m.k. eins misseris á föstum launum og eru ekki á sama tíma í starfi annars staðar sem er meira en hálf starf.
2. Miðað er við að kennsla sé að meirihluta fræðileg og að kennarinn annist skipulagningu kennslunnar. Mat á vinnustundum vegna kennslu og námsmats er skv. ákvörðun deilda á sama hátt og hjá öðrum kennurum í Félagi háskólakennara. Fullt starf miðast við að kennsla og prófvinnu sé 65% af vinnuskyldu kennara en afganginum sé varið til stjórnunarstarfa og rannsókna skv. ákvörðun deilda. Um stjórnunar- og rannsóknahlutfall skal kveðið á um í ráðningarsamningi. Stjórnunarhlutfall skal að lágmarki vera 4% og rannsóknahlutfall að lágmarki 10%.
3. Miða skal við að ráðning hefjist 1. janúar eða 1. júlí ár hvert og verði til a.m.k. eins misseris í senn. Laun greiddast samkvæmt starfshlutfalli í 6 eða 12 mánuði. Heimilt er að ráða tímabundið. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfelld lengur en í tvö ár. Í ráðningarsamningi skal kveða á um starfshlutfall sem og hlutfall rannsókna og stjórnunar af heildarvinnutíma. Ráðningarsamningur skal endurskoðaður reglulega. Aðjunktá taka laun samkvæmt launaramma B og raðast í launaflokka samkvæmt töflu í grein 3.4.1 í stofnanasamningi og eru stig metin skv. samræmdum matsreglum í grein 3.5 í stofnanasamningi. Lágmarksröðun er B09.

Um álagsgreiðslur vegna kennslu, stjórnunar og rannsókna gilda sömu reglur og um álagsgreiðslur til lektora og dósenta, sjá greinar 1.1.1.2, 1.1.1.3, 1.5.1 og 1.5.5 í kjarasamningi. Yfirvinnupak á kennslu er í samræmi við grein 3.4.4 í stofnanasamningi. Full kennsla aðjunktá er metin til 10 kennslustiga á ári á sama hátt og kennsla lektora og dósenta.

Rannsóknálag greiddist í samræmi við rannsóknavirkni (5%, 10%, 15% og 20%). Eftirfarandi stigacröfur liggja til grundvallar rannsóknálagi:

Rannsóknavirkni:	5%	10%	15%	20%
Rannsóknahlutfall 10% - 31%, þriggja ára meðaltal	4 stig	10 stig	18 stig	25 stig

Meðaltalið er endurskoðað árlega þegar rannsóknastig liðins árs liggja fyrir. Breytingin tekur gildi 1. september ár hvert.



5. Háskólaráði er heimilt að veita 3 aðjunktum rannsóknamissari á ári hverju. Við ákvörðun skal miða við að kennt hafi verið í 7 misseri við Háskóla Íslands á föstum launum og að starfshlutfall hafi numið að meðaltali minnst 75%. Við útreikning má taka mið af starfstíma kennarans við Háskóla Íslands allt að 10 ár aftur í tímann. Í rannsóknamissari skal aðjunkt halda launum í samræmi við starfshlutfall að meðaltali á undangengnum 7 misserum og fá greidda þjálfunardagpeninga samkvæmt sömu reglum og gilda um aðra háskólakennara. Hafi aðjunkt ekki getað uppfyllt vinnuskyldu sína vegna veikinda eða barnsburðarleyfis hefur það ekki áhrif á heimild hans til rannsóknamissaris. Aðjunkt skal á sama hátt og lektorar og dósentar leggja fram skýrslu um stöðu þeirra rannsókna sem hann hefur unnið að og starfsáætlun fyrir tímabilið. Háskólaráð heimilar rannsóknamissarið að undangengnu mati á framlögðum gögnum. Umsóknarfrestur aðjunkta um rannsóknamissari er 15. október árið áður en að misserinu kemur.

## Viðauki II

Bókanir Félags háskólakennara og Háskóla Íslands í samræmi við samþykktir háskólaráðs frá 8. og 17. mars 2005 í tengslum við kjarasamning Félags háskólakennara og fjármálaráðherra 28. febrúar 2005

### ***Kennsla, rannsóknir og stjórnun***

Það er á valdi háskólaráðs að setja reglur um mat á kennslu og stjórnun til vinnustunda, hvað nánar felst í starfsþáttunum kennsla, rannsóknir og stjórnun og hlutfall þeirra starfa af heildarvinnutíma. Félag háskólakennara skal eiga fulla aðild að undirbúningi og gerð reglna hvað þessa þætti varðar. Reglur þessar skulu settar fyrir 1. maí 2006 og skulu birtar með stofnanasamningi.

### ***Vinnumatssjóður vegna rannsókna***

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem gegna a.m.k. hálfu starfi og taka laun samkvæmt matskerfi kennara og sérfræðinga skulu eiga kost á greiðslum úr vinnumatssjóði vegna rannsókna fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum á liðnu almanaksári. Skulu viðkomandi félagsmenn Félags háskólakennara skila vinnuskýrslu til rannsóknasviðs Háskóla Íslands í samræmi við gildandi reglur. Háskóli Íslands stefnir að því að sjóðurinn hafi til umráða 12,5% af dagvinnulaunum þeirra félagsmanna sem fá greidd laun af fjárveitingum hans og rétt hafa til að sækja um greiðslur í sjóðinn. Háskóli Íslands hyggst tryggja að tengdar stofnanir greiði samsvarandi fjármagn í sjóðinn vegna viðkomandi starfsmanna sinna, ella ákveður háskólaráð framlag Háskóla Íslands vegna þeirra.

Nýjar reglur um sjóðinn gilda vegna framlagðra verka ársins 2005 sem koma til greiðslu 1. september 2006.

### ***Ársmatssjóður vegna starfa við stjórnsýslu og þjónustu***

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem starfa við stjórnsýslu- og þjónustustörf og taka laun samkvæmt starfs- og hæfnismati skulu eiga kost á kaupauka í samræmi við reglur þar um sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um. Viðkomandi félagsmenn skulu skila umsóknum um ársmat til starfsmatsstjóra í samræmi við gildandi reglur. Fjármagn til sjóðsins árið 2005 er 23,5 m.kr. miðað við upphaf ársins en tekur breytingum samkvæmt launavísitölu og fjölda starfsmanna sem rétt hafa til að sækja í sjóðinn. Háskóli Íslands beitir sér fyrir því að tengdar stofnanir greiði hlutfallslega í sjóðinn vegna viðkomandi starfsmanna sinna, ella ákveður háskólaráð framlag Háskóla Íslands vegna þeirra.

Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn nýtur sérstaks framlags vegna árs mats félagsmanna þar. Framlag þetta er 1,5% af dagvinnulaunum viðkomandi félagsmanna. Eins og aðrir félagsmenn skulu þeir skila umsóknum um ársmat til starfsmatsstjóra Háskóla Íslands sem annast matið og samræmingu þess. Háskóli Íslands tekur að sér að annast útreikninga en safnið sjálft annast greiðslur.

## Viðauki III

Bókun samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál og Félags háskólakennara um aðgengi starfsmanna án rannsóknaskyldu að vinnumatssjóði vegna rannsókna

Starfsmaður án rannsóknaskyldu sem velur að sækja um í vinnumatssjóð vegna rannsókna í stað ársmatssjóðs fyrir framlögð verk ársins 2004, sem koma til greiðslu 1.9. 2005, sætir sömu kjörum og félagsmenn með rannsóknaskyldu og hefur lágmarksþröskuld upp á 7 stig áður en til úthlutunar kemur, sb. 4.gr. reglna vinnumatssjóðs Félags háskólakennara vegna rannsókna. Eftir ofangreinda úthlutun munu einungis þeir sem hafa skilgreinda rannsóknaskyldu í ráðningasamningi sínum og taka laun samkvæmt matskerfi kennara og sérfræðinga geta sótt í sjóðinn.